


GEDVERND

1. Tölublað 1989

20. árgangur

Verð í lausasölu: 280 kr



Pemahefti um streitu

Áhrif vinnunnar á hjónalíf

eftir Gylfa Ásmundsson, sálfræðing
og Sigrúnu Júlíusdóttur, félagsráðgjafa

Þegar unnið er með hjúskapar- og fjölskyldu- vandamál, eins og nú er gert í auknum mæli í meðferð geðrænna, félagslegra og jafnvel líkamlegra sjúkdóma, er nauðsynlegt að hafa haldgóða vitneskju um þá þætti sem annars vegar skapa erfiðleika og árekstra í hjónabandi eða fjölskyldunni, og hins vegar stuðla að góðu hjónabandi eða fjölskyldulífi. Rannsóknir á normal fjölskyldum eru því nauðsynlegar til þess að öðlast betri skilning á þeim vandamálum, sem fengist er við hjá þeim fjölskyldum sem leita sér faglegrar aðstoðar. Fáar rannsóknir af þessu tagi hafa verið gerðar hér á landi, en þó má nefna nokkrar, sem varpað hafa ljósi á íslenskt fjölskyldulíf á síðustu áratugum:

– rannsókn gerð á árunum 1965-66 undir stjórn Sigurjóns Björnssonar á 1100 börnum í Reykjavík og fjölskyldum þeirra (4, 5),

– doktorsritgerð prófessors Björns Björnssonar frá 1971 um trúlofunarfjölskylduna íslensku (3),

– rannsókn frá 1973 undir stjórn prófessors Tómasar Helgasonar á félagsfræðilegum, sálfræðilegum og læknisfræðilegum þáttum í sambúð hjóna (1,7,9),

– rannsókn, einnig undir stjórn Tómasar Helgasonar, á fjölskyldum togarasjómanna, sem Helga Hannesdóttir og Jón G. Stefánsson skrifuðu um í Læknablaðið 1980 (6),

– og könnun á vegum jafnréttisnefndar Reykjavíkur eftir Kristín Karlsson, sem birtist 1982 (8).

Sú rannsókn sem hér verður lítillega sagt frá er norrænt samstarfsverkefni um fjölskyldulíf á Norðurlöndunum fimm og ber nafnið Samliv i Norden. Rannsókn í hverju landi fyrir sig er sjálfstætt verkefni og áherslupættir eru nokkuð mismunandi, en reynt er að samræma þær í meginráttum, þannig að unnt sé að fá fram haldbæran samanburð á milli landanna.

Eitt af því sem einkum greinir íslenskar fjölskyldur frá fjölskyldum á hinum Norðurlöndunum og trúlega flestum öðrum löndum í hinum vestræna heimi, er hinn óhemju langi vinnutími heimilisföðurins og oft reyndar beggja hjónanna. Því var ákveðið að leggja sérstaka áherslu á þetta atriði í íslensku rannsókninni. Tilgáta okkar var sú að lengd vinnutímans leiddi til ófullnægjandi samveru og tengsla hjónanna og barna þeirra og kæmi fram í auknum vandamálum í hjónalífi og fjölskyldulífi almennt. Þær niðurstöður, sem greint er frá hér, sýna hvernig vinnulengdin tengist nokkrum mikilvægum þáttum hjónabandsins, vandamálum í hjónalífinu eins og þau birtast í árekstrum og tilfinningalegum tengslum hjónanna, kynlífi þeirra, og mati þeirra sjálfra á hversu gott hjónaband þeirra er.

Aðferð og efniviður

Rannsóknin tók til hjóna og sambýlisfólks á aldrinum 25-44 ára, sem áttu a.m.k. 2 börn undir 16 ára aldri. Sá þáttur rannsóknarinnar, sem hér er byggt á, er spurningalistakönnun um fjölmarga þætti, sem varða lífshætti þeirra og skoðanir, uppeldi barnanna og innbyrðis samskipti. Valið var tilviljunarúrtak 225 hjóna á Reykjavíkursvæðinu, sem uppfyllti þessi skilyrði, og spurningalistinn sendur til þeirra í pósti og þau beðin að svara og endursenda í meðfylgjandi frímerktu umslagi. Spurningalistinn var nafnlaus og auðkennalaus, þannig að ekki var hægt að elta uppi þá sem ekki svöruðu, en tvö ítrekunarbréf voru send öllum.

Svör bárust frá 113 hjónum eða rúmlega 50% hópsins. Í sjálfu sér þarf það ekki að vera undrunarefni, þótt heimtur hafi orðið svo litlar, en þó eru þær nokkru minni en í sambærilegum könnunum á hinum Norðurlöndunum. Spurningalistinn var nokkuð langur og spurningar mjög persónulegar, svo sem varðandi kynlíf. Þótt listarnir væru nafnlausir er fólk vart um sig, því að í jafn litlu þjóðfélagi og hér má oft þekkja fólk sem svarar, þótt ekki sé af öðru en aldri, menntun og starfi, ef áhugi væri fyrir slíku.

Á grundvelli hinna lýðfræðilegu upplýsinga sem fram komu í svörunum var reynt að gera sér grein fyrir hvers konar fólk hafði svarað og hvernig það greindi sig frá hinum sem ekki svöruðu. Með samanburði við almennar tölfræðilegar upplýsingar og niðurstöður annarra rannsókna, einkum Jafnréttiskönnunarinnar, sem áður er greint frá, mátti sjá að svarhópurinn er betur settur fjárhagslega, félagslega og menntunarlega en hjón almennt á þessu aldursbili. Aðeins skal bent á að yfir 30% karlanna og 25% kvennanna höfðu menntun á háskólastigi; nær 60% karlanna og 30% kvennanna voru í stjórnunar-, ábyrgðar- og sérfræðistöðum í samanburði við 42% karla og 13%

kvenna á þessum aldri í Jafnréttiskönnuninni; og helmingur hjónanna bjó í einbýlishúsum miðað við fjórðung í Jafnréttiskönnuninni.

Reynsla af öðrum sambærilegum könnunum, svo sem könnun á áfengisneysluvenjum hér á landi (2), sýnir að þeir sem einkum hafa vandamál á þeim sviðum sem um er spurt, svara síður spurningalistunum. Því má einnig búast við, að í svarhópnum séu almennt minni persónuleg og félagsleg vandamál.

Að öðru leyti er ekki munur á svarhóp og brottfalli, að svo miklu leyti sem hægt er að sýna fram á. Meðalaldur karlanna var 36.5 ár og kvennanna 35.2 ár. 90% voru gift en 10% í sambúð. Að meðaltali voru 2.6 börn í fjölskyldu. Þessar tölur voru mjög svipaðar fyrir úrtakið í heild.

Þótt ljóst sé að hinar löku heimtur valdi því að niðurstöðurnar endurspeglu ekki almennt ástand hjónum á þessum aldri, er engu að síður hægt að fá fram innbyrðis samanburð og skoða hvernig einstakir þættir tengjast.

Niðurstöður

Hér er reynt að sjá hvernig mismunandi langur vinnutími og vinnuálag tengist eða hefur áhrif á nokkra þætti sem hljóta að teljast mikilvægir þegar metið er hversu gott eða slæmt hjónaband er.

Lítum fyrst á skiptingu vinnutímans.

Tafla 1. Skipting vinnustunda á viku utan heimilis

	Karlar	Konur	Hjón
	Fj.	Fj.	Fj.
Heimav. eingöngu		18	
1-19 stundir		17	
20-39 stundir	2	66	
40-59 stundir	62	12	9
60-79 stundir	36		47
80-99 stundir	3		33
100 st. eða fleiri	1		15
Ósvarað	9		9
Samtals	113	113	113
Meðaltal	55.8	21.5	77.8

Áhrif vinnunnar á hjónalíf

Meðalvinnutími karla á viku reyndist vera 55.8 stundir, en kvenna 21.5 stundir. Ef vinnutími hjóna utan heimilis var lagður saman reyndist meðalvinnutími á viku vera 77.8 stundir. Einn karl var í hlutastarfi, en stundaði jafnframt nám, og annar vann aðeins 38 stunda vinnuviku. Flestir karlarnir unnu 50-60 stundir á viku. 18 konur voru heimavinnandi húsmæður, 66 í hlutastarfi, en 24 í fullu starfi, ef taldar eru með þær konur, sem eru kennarar og gáfu upp 32 tíma, sem er full kennsluskylda.

Spurt var hvort viðkomandi teldi vinnu sína of mikla, hæfilega eða of litla, og eru svörin notuð sem mælikvarði á það vinnuálag, sem svarandinn telur sig vera undir. Flestar konurnar töldu sig vinna hæfilega mikið. Um 55% karlanna töldu sig hins vegar vinna of mikið, 45% hæfilega, en enginn taldi sig vinna of lítið. Hjá þeim körlum, sem töldu sig vinna of mikið var meðalvinnutími á viku 61.2 stundir, en hjá hinum, sem töldu sig vinna hæfilega var vinnutíminn að meðaltali 49.8 stundir.

Tvær spurningar í spurningalistanum reyndu annars vegar að leiða í ljós tilfinningaleg tengsl og samstöðu á ýmsum sviðum í hjónabandinu, svo sem að hve miklu leyti ást, traust og gagnkvæm virðing væri fyrir hendi, og hins vegar hvort og á hvaða sviðum árekstrar yrðu á milli hjónanna. Svör við þessum spurningum á þann veg, að þau bentu til árekstra og ófullnægjandi tengsla, gáfu stig, sem lögð voru saman og látin gilda sem mælikvarði á hjónabandsvandamál.

Kynlíf er einn mælikvarði á farsælt hjónaband. Spurt var bæði um tíðni kynmaka á mánuði og hjónin beðin um að meta hversu gott kynlíf þeirra væri á 4-þrepa kvarða. Þá voru svarendur beðnir að meta hversu ánægðir þeir væru með hjónaband sitt almennt á 4-þrepa kvarða. Þetta eru þeir mælikvarðar, sem hér er stuðst við.

Samspil hjóna er flókið mál og hefur á sér margar hliðar. Til þess að einfalda hlutina er hér valinn sá kostur að sýna eingöngu hvernig

vinnulengd og vinnuálag eiginmannsins tengist mati eiginkonunnar á ofangreindum þáttum í hjónalífínu.

Tafla 2. Mat eiginkvenna á nokkrum þáttum hjónabandsins í samanburði við vinnutíma og vinnuálag eiginmannanna

Fjöldi	Vinnustundir eiginmanns á viku		Vinnuálag að mati eiginmanns	
	< 55 st.	≥ 56 st.	hæfil.	of mikið
	61	43	47	58
Vandamál	2.79	2.10	2.91	2.11
Kynmök pr. mán.	7.94	8.26	7.54	8.48
Ánægja m. kynlíf ¹⁾	1.64	1.57	1.66	1.52
Ánægja m. hjónab. ¹⁾	1.40	1.32	1.55	1.19 *

* t = 3.29, p < 0.01

¹⁾ matskvarði frá 1=mjög ánægð til 4=mjög óánægð

Litum fyrst á hvernig vinnutími karlanna tengist vandamálum í hjónabandinu að mati konunnar.

Körlunum er skipt eftir því hvort þeir vinna lengur eða skemur en meðaltal hópsins og hvort þeim finnist vinnuálagið hæfilegt eða of mikið. Í ljós kemur að eiginkonurnar telja vandamálin að jafnaði minni þar sem karlarnir unnu lengri vinnudag. Eiginkonur þeirra karla, sem töldu vinnuálagið of mikið, telja sömuleiðis að vandamálin séu að jafnaði minni.

Ef tíðni kynlífs að mati kvenna er borin saman við vinnutíma karlanna sést að því lengri vinnutími og því meira vinnuálag á eiginmanninn, því oftar hafa hjónin kynmök.

Hið sama á við um ánægju með kynlífið og hjónabandið í heild. Matskvarðarnir eru þannig byggðir upp, að lægsta tala (1) merkir mjög ánægð, en hæsta tala (4) merkir mjög óánægð. Fram kemur, að því lengur sem eiginmaðurinn vinnur og því meira sem hann telur vinnuálag sitt vera, – því betra kynlíf, og þó sérstaklega betra hjónaband almennt að mati konunnar.

Munurinn er að vísu ekki mikill og yfirleitt ekki marktækur. Hann er nálægt því að vera marktækur við 5% mörkin hvað varðar vandamál og tíðni kynmaka borið saman við vinnuálag. En það er athyglisvert að munurinn er allur á einn veg, og hvað þann mælikvarða snertir, sem ætla mætti að væri hvað mikilvægastur, ánægju konunnar með hjónabandið í heild borið saman við vinnuálag eiginmannsins, er hann vel marktækur við 1% mörkin.

Umræða

Tilgáta okkar um að hinn langi vinnutími Íslendinga hafi slæm áhrif á hjónabandið og fjölskyldulífið fær því ekki stuðning af þessum niðurstöðum. Þvert á móti benda þær fremur til þess að mikil og jafnvel óhófleg vinna heimilisföðurins stuðli að betra hjónabandi, minni hjúskaparvandmálum og meira og betra kynlífi hjónanna.

Við skulum þó fara varlega í ályktanir og hafa í huga, að hópurinn, sem hér er undir athugun, endurspeglar sennilega ekki hjónabönd almennt hér á landi. Hann er betur menntaður, betur staddur fjárhagslega og félagslega, og hefur sennilega minni fjölskylduvandamál en gengur og gerist meðal íslenskra hjóna. Þetta er fólk á besta aldri, sem vinnur einhuga að því að ná því markmiði, sem flestar fjölskyldur keppa helst að á þessu skeiði, efnalegu öryggi. Mikil vinna er skilyrði fyrir því að þessu markmiði sé náð. Meðan fólk er ungt og hraust og vel í stakk búið að koma undir sig fótunum virðist mikil vinna geta verið af hinu góða fyrir hjónabandið samkvæmt niðurstöðum okkar. Hjá öðrum, sem minna mega sín í lífsbaráttunni og hafa kannske meiri persónuleg og félagsleg vandamál, er ekki víst að langur vinnutími skili jafn mikilli hjónabandsælu. Hjá enn öðrum er efnaleg afkoma sem mælikvarði á lífshamingju ekki eins framarlega í forgangsröðinni og sýnist vera í þessum hópi. Svo kann

einnig að fara, að þegar hinum efnalegu markmiðum þessara hjóna, sem hér eru undir athugun, er náð og önnur lífsgæði verða eftirsóknarverðari, kunní vinnulengd og vinnuálag að hafa þveröfug áhrif við það sem hér hefur komið fram.

Heimildir

1. Ásmundsson, G.: Icelandic families. A pilot study. Part II. Psychological aspects. Abstracts from the XVII Scandinavian Congress of Psychiatry in Reykjavík 1973. Acta Psychiatr. Scand. Suppl. 243, 44.
2. Ásmundsson, G.: Forandringar af alkoholvaner í lóbet af en fem-árs periode. NAD Nyhetsbrev nr. 3, 1981, 13-15.
3. Björnsson, B.: The Lutheran Doctrine of Marriage in Modern Icelandic Society. Universitetsforlaget, Oslo, og Almenna bókafélagið, Reykjavík 1971.
4. Björnsson, S.: Börn í Reykjavík. Íðunn, Reykjav. 1980
5. Björnsson, S.; Edelstein W.; Kreppner, K.: Explorations in Social Inequality. Max-Planck Institut für Bildungsforschung, Berlin 1977.
6. Hannesdóttir, H. and Stefánsson, J.G.: Geðlæknisfræðileg rannsókn á fjölskyldum togarasjómanna. Læknablaðið, 1980; 66; 195-201.
7. Jónsson, Ó. J.: Icelandic families. A pilot study. Part III. Psychiatric aspects. Abstracts from the XVII Scandinavian Congress of Psychiatry in Reykjavík 1973. Acta Psychiatr. Scand. Suppl. 243, 44.
8. Karlsson, K.: Jafnréttiskönnun í Reykjavík 1980-1981. Jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar. Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild. Reykjavík 1982.
9. Ólafsson, H.; Gunnarsdóttir, H.; Júlíusdóttir S.; Helgason, T.: Icelandic families. A pilot study. Part I. Sociological aspects. Abstracts from the XVII Scandinavian Congress of Psychiatry in Reykjavík 1973. Acta Psychiatr. Scand. Suppl. 243, 43.

Gylfi Ásmundsson er forstöðusálfræðingur við Geðdeild Landspítalans og dósent í sálfræði við læknadeild Háskóla Íslands.

Sigrún Júlíusdóttir er yfirfélagsráðgjafi við Geðdeild Landspítalans.